



# Útreikningur hljóðfæragjalds

## FT og FÍH

### Vorönn 2022

Neysluverðsvísitala 1. janúar 2022 = 517,9 stig		
	Fullt gjald til greiðslu 1. júní 2022	Hálft gjald til greiðslu 1. júní 2022
<b>Flokkur 1:</b> (trompet sett, básúnusett, blokkflautusett, horn, euphonium, túba)	71.766	35.883
<b>Flokkur 2:</b> (tölva (frá 1.ág.2011), þverflauta, piccolo, rafbassi, rafgítar, gítar (klassískur))	71.766	35.883
<b>Flokkur 3:</b> (fiðla, lágfíðla, klarinett Bb, klarinett Eb, saxófónn (alto), saxófónn (sópran), saxófónn (tenór), enskt horn, óbó, fagott, selló, bassi)	142.664	71.332
<b>Flokkur 4:</b> (harmonika (frá 1.ág.2011), harpa, píanó, flygill, slagverk)	156.819	78.409

Um afnot og greiðslur fyrir notkun á eigin hljóðfærum: Í þeim tilvikum að tónlistarskóli óski eftir því við tónlistarskólakennara að hann leggi sjálfur til hljóðfæri vegna starfs síns í þágu tónlistarskólans skal greitt fyrir þau afnot gjald, sem miðist við neðangreint verðmæti og vexti af því, afskriftir, viðhald og rekstrarkostnað. Afgjaldið skiptist í þrjá flokka og fer eftir hljóðfærategundum. Innifalið í gjaldi þessu er að eigandi hljóðfærvis leggi til endurnýjunar hluti eins og strengi og blöð og annist viðhald hljóðfæranna. Afgjaldið greiðist í tveimur hlutum við lok hvorrar annar. Afgjald þetta miðast við vísitölu neyssluverðs hinn 1. janúar 2011 (363,4 stig) og skal endurskoðað tvisvar á ári, hinn 1. janúar og 1. júlí.

**Frá og með 1. ágúst 2018 greiðist sama afgjald í flokki 1 vegna hljóðfæra sem í kjarasamningi aðila, fylgiskjali 4 falla undir flokk 2.**

Sjá enn fremur skýringu samstarfsnefndar FT/FÍH og Launaneftndar sveitarfélaga 29. nóvember 2006:

„Gjald fyrir hljóðfæri sem tilgreint er í fylgiskjali 1 miðast við heilt skólaár og greiðist í tveimur hlutum.

Frá og með 2007 greiðist hljóðfæragjald vegna vorannar hinn 1. júní vegna haustannar 1. desember. Vegna haustannar 2006 greiðist gjaldið í síðasta lagi 1. janúar 2007 og miða skal við 75% af hálfu ársgjaldi.

Greiða skal í hlutfalli við kennda tíma á viðkomandi hljóðfæri og ef kennt er á fleiri en eitt hljóðfæri skal greiða sem eitt gjald og mið við það sem lendir í hæsta gjaldflokki.

Varðandi söng-, tónfræði greina- og forskólakennara skal miða við afgjald af píanói.“

Sjá einnig skýringu samstarfsnefndar FT/FÍH og SNS 17. september 2012.